

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. apríl 2024  
Málsnúmer: 202403-0061  
LA

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmda við Nesjavallavirkjun

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 22. mars 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar vegna vinnslu- og niðurdælingarhola á Nesjavöllum.

Nesjavallavirkjun hóf vinnslu á heitu vatni 1990 og hefur stækkað í áföngum síðan þá. Í gegnum árin hafa verið boraðar 43 holur á skipulagssvæðinu og eru 22 vinnsluholur í nýtingu. Gert er ráð fyrir tíu nýjum vinnsluholum og þrem niðurdælingarholum innan virkjunarsvæðisins til að viðhalda vinnslugetu og auka hlut djúprar niðurdælingar til að minnka umhverfisáhrif virkjunarinnar. Þá hafa verið heimilaðar niðurdælingarholur fyrir koldíoxíð og brennisteinsvetni í tilraunaskyni, allt að 100 kílótonn.

Náttúrufræðistofnum hefur kynnt sér greinargerð um tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Greinargerðin er umfangsmikil með ítarlegri lýsingu á framkvæmd og nákvæmri umfjöllun um áhrif framkvæmdar á marga umhverfisþætti. Í greinargerðinni eru sett fram fyrirhugaðar viðbætur fyrir borsvæði, safnæðar, efnistökusvæði og niðurdælingarsvæði (mynd 5.1.). Töluvert rask á yfirborði verður vegna þessara viðbóta.

Náttúrufræðistofnun telur að bæta mætti umfjöllun um vistgerðir sem virðast byggja á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar sem er ekki alltaf nægilega nákvæmt fyrir skipulagsáætlanir og æskilegt væri að kanna betur gróðurfar með vettvangsathugunum. Gera þarf betur grein fyrir náttúruvá eins og t.d. eldvirkni og landsigi vegna jarðskjálfta. Fram kemur í greinargerð að umhverfisáhrifa vegna Nesjavallavirkjunar gætir í Þingvallavatni og er vonast til að með dýpri niðurdælingu sé hægt að koma í veg fyrir það (bls. 5). Gera þarf betur grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Þingvallavatns sem nýtur verndar. Ekki er vitað um áhrif jarðvarmanýtingar á hverri og heitar uppsprettur á yfirborði svæðisins.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin sé umfangsmikil og þess eðlis að mat á umhverfisáhrifum sé æskilegt.

Virðingarfyllt,

*Lovisa Ásbjörnsdóttir*

Lovisa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

